


SNÍÐ C-C M.1:5

JARÐVEGSSKIFTI UNDIR SÖKKLUM:

Sé jarðvegur talinn of laus til að steypa megi á honum sökkla, skal grafa allt slíkt efni burt niður á fastara jarðlag. Uppgröftur skal að minnsta kosti ná jafnlangt út fyrir sökkla og dýpt uppgraftar undir sökklum er.

Fylla skal síðan í grunninn með viðurkenndu fyllingarefni, hrauni, sjávarmól eða leir- og moldarfríri grús og skal þjappa fyllinguna í lögum með vibrationsþjöppu. Skal þjöppunin ná a.m.k. sömu gæðum og fæst með 5 umferðum 1to. vibrationsvaltara þegar grús er fyllt í 60cm lögum. Þegar grús er notuð í fyllinguna skal væta hana rækilega jafnhliða þjöppuninni.

Hafa skal samráð við byggingarfulltrúa og teiknistofu s. 84599 varðandi fyllingarefni sem notað er og tiltæk tæki til þjöppunar.



BREIDD SÖKKLA:

Sökkla steyptir á klópp eða móhelli, B=20cm
 Sökkla steyptir á þjappað sand- eða malarlag, B=25cm.

SKÝRINGAR:

UPPGRÖFTUR:

Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg úr grunninum svo sem mold og mó, Grafa skal fyrir sökklum niður á nægilega traustan jarðveg. Byggingarfulltrúi staðarins taki út grunnstæði hússins.

ÁLAG Á SÖKKLA:

Álag á sökkla undir einingahúsum, án kjallara er $1,7 \frac{t}{m}$ eða $8,5 \frac{t}{m^2}$ við 0,2m breiða sökkla og $6,8 \frac{t}{m^2}$ við 0,25m breiða sökkla.

UPPSLÁTTUR SÖKKLA:

Uppsáttur sökkla sé rækilega afstífaður og skal vera nákvæmlega í réttri hæð, og réttri línu. Sérstaklega þarf að vanda uppsátt sökkla.

DÝPT SÖKKLA:

Neðri brún sökkla sé a.m.k. 120cm fyrir neðan jarðvegsyfirborð, nema klópp sé ofar, þá er lágmarkshæð sökkla 40cm.

JÁRNALÖGN SÖKKLA:

Járn Ks 40 merkt K. Setja skal 2 K12 efst og neðst sbr. þversnið. Járnin séu heil um horn eða víxllögð um minnst 60cm.

STEYPA SÖKKLA:

Öll steypa S 200 með sigmáli 9cm og lofti 4%

EINANGRUN SÖKKLA:

Sökkla skal einangra með 2" frauðplasti, sem líma skal á sökkulveggi. Einangrunin skal ná a.m.k. 50cm niður á sökkulveggina og undir alla gólfplötuna.


FYLLING Í SÖKKLA:

Eftir að sökkla hafa verið steyptir, skal fylla upp undir gólfplötu með viðurkenndu fyllingarefni, sem þjappa skal í 30cm lögum. Sérstaka áherslu skal leggja á að þjappa plötumíðjur svo engin hætta sé á að fyllingin sígi undir plötunni. Sé hraun notað skal holufylla yfirborðið með sandi.

Ekki skal grafa fyrir frárennislögnum fyrr en fyllingin hefur verið þjöppuð.

ÚRTÖK FYRIR LAGNIR:

Sjá lagnateikningar.



RVÍK 1011 82	HÚSAMÍÐJAN H SÚBAVOGI 3-5, RVÍK. SÍMI 84599	GERÐ NR.
REIKN. TEIKN. 55 SGS YFIRE.	F FÍFUHVAMMI KÓPAV. SÍMI 43521	VERK NR. S 716
MÆLIKV. 1:5	SÆVANGUR 29 HAFNARFIRÐI	TEIKN NR. 10
	SKÝRINGAR VÐ SÖKKLA-STEINHÚSA	